

Nd.

## 280. Nefndarálit

[135. mál]

um frv. til laga um orkujöfnunargjald.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frv. þetta á tveimur fundum og fengið til fundar við sig fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, A.S.Í. og B.S.R.B., og er afstaða þeirra tveggja síðartöldu prentuð sem fylgiskjal hér með og undir það tekið.

Efni frv. er hækkun söluskatts um 2%, eða úr 22% í 24%, og er hluta þeirra tekna, sem þessi skattheimta mun skila, ætlað að renna til greiðslu olíustyrks til jöfnunar á upphitunarkostnaði.

Gert er ráð fyrir að tekjuöflun þessi muni skila ríkissjóði 8000—9000 millj. kr. á yfirstandandi ári, en aðeins 4000 millj. kr. verði varið til jöfnunar upphitunarkostnaðar. Það, sem umfram þá upphæð er, gerir frv. ráð fyrir að renni í ríkissjóð. Hér er því um að ræða að hæstv. ríkisstjórn ætla samkvæmt frv. að afla um helmingi meiri tekna en frv. gerir ráð fyrir að notaðar verði til jöfnunar þess gífurlega mismunar, sem landsmenn búa við varðandi upphitunarkostnað.

Hér á því að nota það neyðarástand, sem ríkir á olíusvæðum svonefndum, til stóraukinnar skattheimtu, sem renna á í ríkissjóðshítina.

Alþýðuflokkurinn hefur marglýst því yfir, að þeim gífurlegu byrðum, sem á íbúum olíusvæðanna hvíla, beri af þeim að létta. Alþýðuflokkurinn lítur svo á að sá gífurlegi aðstöðumunur, sem við blasir milli landsmanna vegna upphitunarkostnaðarins, sé eitt mesta ranglæti sem nú er við að glíma í íslensku þjóðlífi, mál sem beri að leysa með fjárframlagi úr sameiginlegum sjóði landsmanna.

Í samræmi við þessa skoðun Alþýðuflokksins hefur þingflokkur hans borið fram bæði við 2. og 3. umræðu fjárlaga tillögur til að jafna þennan mun án þess að til nýrrar skattheimtu á landsmenn komi. Vísast í því sambandi til prentaðs fylgiskjals með þessu nefndaráliti.

Við 2. umræðu fjárlaga var þessi tillaga Alþýðuflokksins felld hér á Alþingi af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Við 3. umræðu fjárlaga er þess enn freistað af hálfu Alþýðuflokksins að fá samstöðu um lausn þessa sjálfsagða réttlætismáls, án

Þess að til stórkostlegrar nýrrar skattheimtu á landsmenn komi. Fari svo mót von Alþýðuflokksins við atkvæðagreiðslu við 3. umræðu fjárlaga, að stjórnarliðar hafni þeirri sjálfsgöðu og eðlilegu leið til lausnar þessum vanda, sem Alþýðuflokkurinn telur að fara eigi, er ljóst, að meiri hluti hér á Alþingi ber ekki fyrir brjósti hag þeirra, sem í þessu máli bera þyngstar byrðar, heldur séu stjórnarliðar með þessu frv. að nota sér það neyðarástand, sem hjá íbúum olíusvæðanna ríkir, til beinnar skattheimtu fyrir ríkissjóð.

Alþýðuflokkurinn hafnar alfarið að taka þátt í þeim leik stjórnarliða hér á Alþingi.

Með hliðsjón af framansögðu og í ljósi þeirrar stórauknu skattheimtu á landsmenn, sem núverandi ríkisstjórn hefur þegar staðið að framkvæmd á, leggur undirritaður til að frv. þetta um stórhækkun söluskatts að tilefnislausu verði felld, en fé til verðjöfnunar á kyndingarkostnaði fengið eftir þeirri leið, sem Alþýðuflokkurinn hefur lagt til að farin verði til lausnar þeim vanda, sem ríkisstjórnin hefur að yfirvarpi við flutning þessa frv.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Karvel Pálmason.

#### Fylgiskjal A.

1. apríl 1980

#### Ályktun A. S. Í.

Á fundi viðræðunefndar Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um þær auknu álögur sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts og söluskatts. Alþýðusambandið minnir á að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt. Aðgerðir stjórnvalda nú hljóta að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu. Aðgerðirnar eru þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum og mótmælir viðræðunefndin þeim því harðlega.

#### Fylgiskjal B.

1. apríl 1980.

#### Ályktun B. S. R. B.

Stjórn B.S.R.B. mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstjórnarinnar við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum. Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin.

Þær nýju stórfelldu álögur á almenning, sem þegar hafa verið samþykktar á Alþingi eða fyrirhugaðar eru samkvæmt stjórnarfrumvörpum, þ. á m. um orkujöfnunargjald, eru olía á verðbólgueldinn, sem enn hlýtur að magnast við gengislækkanir, sem sífellt eru framkvæmdar.

Því mótmælir stjórn B.S.R.B. eindregið þessum nýju lögum.

## Fylgiskjal C.

### Yfirlit yfir breytingar á fjárlagafrumvarpi 1980 skv. tillögum Eiðs Guðnasonar.

	Frv. ríkisstj. þús. kr.	Breyting þús. kr.
<b>Sparnaður og tekjuöflun:</b>		
Byggðasjóður (÷20%) .....	2 635 000	527 000
Lánasj. ísl. námsmanna (lækkun) .....	5 394 887	2 120 000
Jarðrækt (÷20%) .....	1 860 000	372 000
Framræsla (÷20%) .....	385 000	77 000
Útflutningsbætur (÷10%) .....	8 400 000	840 000
Háskóli (lækkun) .....	122 603	100 000
Niðurgreiðslur (lækkun) .....	24 400 000	3 400 000
Útgjöld skv. sérstökum heimildarlögum og öðrum lögum (lækkun) .....	550 000	300 000
Óviss útgjöld fjármálaráðuneytis (lækkun) .....	810 000	500 000
1% sparnaður í launum og öðrum rekstrargjöldum hins opinbera .....	117 011 000	1 130 000
Hækkun á hagnaði ÁTVR til samræmis við launahækkunir	24 000 000	2 000 000
Hækkun á tekjuskatti félaga .....	10 000 000	850 000
		<hr/>
		12 246 000

### Tekjuskattslækkun og útgjöld vegna olfustyrks og húsnæðismála:

	Frv. ríkisstj. þús. kr.	Breyting þús. kr.
Til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga .....	38 200 000	7 200 000
Til jöfnunar á hitunarkostnaði .....	0	4 000 000
Til félagslegra aðgerða í húsnæðismálum .....	0	1 000 000
		<hr/>
		12 000 000

Til lækkunar á skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands kr. 1 700 000  
Greiðsluafgangur lækki sem þeirri upphæð nemur.

### A t h u g a s e m d i r .

Tillögur fulltrúa Alþýðuflokksins til breytinga á fjárlagafrumvarpi ársins 1980 miðast við að tekjuskattur einstaklinga lækki um 7.2 milljarða til samræmis við fyrri tillögur Alþýðuflokks. Til jöfnunar á upphitunarkostnaði komi 4 milljarðar, en ekki er gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þess verkefnis í fyrirliggjandi frumvarpi. Þá skal einum milljarði króna varið til félagslegra aðgerða á sviði húsnæðis- og dagvistarmála.

Til að mæta þessum útgjöldum, án þess að til nýrrar skattlagningar á einstaklinga komi, er miðað við, að framlög til Byggðasjóðs, jarðræktar og framræslu skerðist til samræmis við lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur lækki til samræmis við það, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Alþýðuflokksins, og framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækki milli ára aðeins sem nemur þeim verðlagsbreytingum, er ráð er fyrir gert í fjárlagafrumvarpi (46.5%). Útgjöld vegna Háskóla eru lækkuð þar sem þar fer nú engin kennsla fram. Þá eru óviss útgjöld fjármálaráðuneytis og útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum lækkuð nokkuð.

Hagnaður ÁTVR er hækkaður til jafns við ráðgerðar launahækkarnir fjárlagafrumvarps. Tekjuskattur félaga er hækkaður til samræmis við áætlun fjárlagafrumvarps Alþýðuflokks, og gert er ráð fyrir sparnaði í launum og rekstrargjöldum ríkisins er nemi 1% eða 1 130 milljónum króna.

Eiður Guðnason.

**Fylgiskjal D.**

**Tillögur Alþýðuflokksins við þriðju umræðu fjárlaga.**

**Efnislegt yfirlit.**

	Þús. kr.
Til jöfnunar upphitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis (nýr liður) .....	4 000 000
Sérstök lánveiting til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði (nýr liður)	500 000
<b>Sparnaður:</b>	
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir lækki um .....	600 000
Sparnaður í launum og öðrum rekstrargjöldum ríkisins (ca ½%) .....	500 000
Niðurgreiðslur á vöruverði lækki um .....	3 000 000
Óviss útgjöld (fjármálaráðuneyti) lækki um .....	400 000